



NIÐURSTÖÐUR SAMRÁÐS Í MÁLINU

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (tryggingagjald, tekjuskattur, vörugjald, bifreiðagjald, skipagjald o.fl.).

Nr. 231/2020 í samráðsgátt stjórnvalda á vefnum Ísland.is

Efnisyfirlit

1.	Pátttaka.....	2
2.	Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim.....	2
3.	Næstu skref.....	2

Nóvember 2020

1. Þátttaka

	Einstaklingar	Lögaðilar
Umsagnaraðilar	-	- Bílgreinasambandið og Samtök ferðaþjónustunnar. - Samtök ferðaþjónustunnar. - Samtök verslunar og þjónustu.
Samtals	-	- 3

Upplýsingar um málefni, umsagnarfrést og annað fyrirkomulag er að finna í samráðsgáttinni á Ísland.is, slóð á málið: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2820](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2820)

2. Sjónarmið umsagnaraðila og viðbrögð við þeim

Þrjár umsagnir bárust. Ein sameiginleg umsögn barst frá Bílgreinasambandinu og Samtökum ferðaþjónustunnar. Samtökin fagna þeim breytingum sem lagðar er til í frumvarpinu en vilja þó koma á framfæri þrenns konar breytingartillögum á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, er lúta að tímabundnum skattalegum ívilnunum vegna tengiltvinnbifreiða. Ráðuneytið telur ekki rétt að tekin sé afstaða til framangreindra tillagna í því frumvarpi sem hér um ræðir. Fyrir liggur að áformað er að leggja fram frumvarp á Alþingi um breytingu á lögum um virðisaukaskatt í nóvember 2020. Ráðuneytið leggur því til að umræddar tillögur verði skoðaðar samhliða framlagningu þess frumvarps. Þá barst umsögn frá Samtökum ferðaþjónustunnar þar sem fagnað er tillögu frumvarpsins um tímabundna niðurfellingu vörugjalda af húsbílum. Þó leggja samtökin áherslu á mikilvægi þess að unnið verði að varanlegri lausn á vörugjöldum húsbíla fyrir lok árs 2021. Jafnframt leggja Samtökin til nýtt ákvæði til bráðabirgða við lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., nr. 29/1993, þess efnis að vörugjald á bílaleigubílum verði lækkað tímabundið vegna árána 2021, 2022 og 2023. Ráðuneytið fellst ekki á framangreinda tillögu. Það er mat ráðuneytisins að tillagan gangi m.a. gegn yfirlýstu markmiði laganna um innflutning á umhverfisvænum bifreiðum. Auk þess er tillagan í ósamræmi við markmið stjórnvalda um orkuskipti í samgöngum. Jafnframt barst umsögn frá Samtökum verslunar og þjónustu þar sem því er fagnað að undanþiggja eigi ökutæki til vöruflutninga í atvinnuskyni, sem knúin eru rafhreyfli, vörugjaldi. SVÞ leggja þó til að fleiri „hreinorkuökutæki“ verði felld undir tillöguna (undanþáguna), þ.e. ökutæki sem knúin eru vetni og metani. Ekki sé líklegt að slík breyting yrði ríkissjóði kostnaðarsöm. Hins vegar myndi hún senda skýr skilaboð og mögulega tryggja að undirbúningur innflutnings vetnis- og metanökutækja verði fýsilegri en ella. Jafnframt er tekið undir sjónarmið sem koma fram í sameiginlegri umsögn Bílgreinasambandsins og Samtaka ferðaþjónustunnar um frumvarpsdrögin. Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni að fella ökutæki sem knúin eru vetni og metani undir ákvæði 11. gr. frumvarpsins og hefur gert breytingar í samræmi við það. Að öðru leyti vísast til svara við athugasemdum Bílgreinasambandsins og Samtaka ferðaþjónustunnar.

3. Næstu skref

Fyrirhugað er að frumvarpið verði lagt fram á Alþingi á 151. löggjafarþingi 2020-2021.